

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2015, 19. október, var haldinn 25. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi og hófst kl. 13.30. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Hilmar Sigurðsson, Eva Baldursdóttir, Hildur Sverrisdóttir, Marta Guðjónsdóttir, og Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Eyrún Eypórsdóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Helga Björg Ragnarsdóttir, Hreinn Hreinsson, Óskar J. Sandholt og Svavar Jósefsson. Fundarritari var Unnur Margrét Arnardóttir.

Petta gerðist:

1. Lagt fram svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara við fyrirspurn stjórnkerfis- og lýðræðisráðs dags. 18. maí 2015 um könnun á afgreiðslutíma fagráða.
2. Lögð er fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, sbr. 3. liður fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 5. október 2015:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð verði lagt niður.

Greinargerð fylgir tillögunni. (R15100031)

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja til eftirfarandi breytingartillögu:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja til að stjórnkerfis- og lýðræðisráð beini því til forsætisnefndar að ráðið verði lagt niður.

Tillagan er felld með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar og Pírata -gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokks. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði harma að ekki hafi verið samþykkt tillaga þeirra um að leggja ráðið niður. Ekki er efast um að góður hugur fylgir öllum þeim ráðum og nefndum sem ráðist sé í að stofna og halda úti. Hins vegar verður að meta árangur þeirra miðað við kostnaðinn þar sem ekki er hægt að halda úti stærra borgarkerfi en borgarsjóður getur staðið undir. Nú hefur stjórnskipunar- og lýðræðisráð starfað í rúmlega ár. Því miður er það svo að raunverulegur árangur stjórnskipunar- og lýðræðisráðs nær ekki að réttlæta kostnað við nefndarstörfið sem er stærsti kostnaðarliðurinn og hleypur á milljónum króna, sem borgarsjóður á ekki til. Á þeim tíma hafa þó verið settar ágætis stefnur og vinnureglur í kringum ýmis konar upplýsinga- og lýðræðismál. Þær stefnur eru því komnar inn í borgarkerfið og allir sem starfa í borgarkerfinu geta og eiga að taka mið af. Það er ekki vond arfleifð inn í borgarkerfið í átt að auknu gagnsæi og aðgangi borgarbúa. Hins vegar er engin þörf á að halda úti sérstöku ráði til að hafa eftirlit með því umfram aðra til þess bærra aðila innan borgarkerfisins sem geta haldið þeim markmiðum á lofti í þeim verkefnum sem ráðið hefur nú á sinni könnu en gæti auðveldlega verið sinnt af alúð annars staðar í borgarkerfinu eins og á við.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram eftirfarandi bókun:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð er að grunninum til ekki nýtt heldur er það útvíkuð útgáfa af stjórnkerfisnefnd, en til stjórnkerfisnefndar var fyrst kosið hjá Reykjavíkurborg á fundi borgarstjórnar 10. júlí 1964. Starfaði hún undir

formennsku Geirs Hallgrímssonar þar til ákveðið var á fundi hennar 12. janúar 1970 að gera hlé á störfum hennar. Upp frá því var hún starfrækt eftir því sem tilefni þótti til en undanfarna tvo áratugi eða svo með nokkuð óslitnum og formföstum hætti. Þannig hafa nefndinni verið falin verkefni á borð við mögulega fjölgun borgarfulltrúa, sameiningu sviða, skrifstofa og ráða, yfirfærslu verkefna, stofnun embætta, endurskoðun og yfirferðir á samþykktum Reykjavíkurborgar, mótun siðareglna, hverfaskiptingu innan borgarinnar og ýmislegt fleira er lýtur að stjórnsýslunni. Undir hinum nýju formerkjum stjórnkerfis- og lýðræðisráðs fær þessi nefnd enn fastara og aukið hlutverk; lýðræðisverkefni á borð við Betri Reykjavík fá skýran stað og gagnsæis- og upplýsingamál verða að sérstökum áhersluaatriðum hennar. Í drögum að starfsáætlun ráðsins fyrir árið 2016 sem lögð voru fram á fundi þess þann 7. september síðastliðinn eru talin upp nokkur fyrirbyggjandi verkefni þess. Þar má nefna endurskoðun á framkvæmd Betri Reykjavíkur og Betri hverfa, mótun tillagna um hlutverk og skipan hverfisráða, opnun samráðsgáttar á vef borgarinnar þar sem leggja má fram reglur, stefnur, samþykktir ofl. til umsagnar almennings og hagsmunaaðila, mótun verklagsreglna um meðferð fundargagna og útbúning n.k. „Samráðs-verkfærakistu“ sem nýta má í ákvarðanatöku til að tryggja góð samráðsferli. Jafnframt hefur ýmsum verkefnum verið vísað til ráðsins og má þar helst nema úrvinnslu á skýrslu starfshóps um þjónustuveitingu Reykjavíkurborgar, en stjórnkerfis- og lýðræðisráð mun vinna að stefnumótun í samræmi við hana og umsagnir fagsviða og hverfisráða um hana. Framlögð tillaga meirihluta stjórnkerfis- og lýðræðisráðs um tilfærslu ráðsins úr flokki I í flokk II er ætlað að draga úr nefndarkostnaði vegna hennar, en með því að leggja ráðið niður alfarið er það hins vegar mat meirihlutans að hætt sé við að sú mikilvæga og sögulega sérhæfing sem felst í því þynnist út.

3. Fulltrúar Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata leggja fram að nýju eftirfarandi tillögu, sbr. 4. liður fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs 15. september 2015:

Lagt er til að óskað verði eftir því við forsætisnefnd að hún endurskoði samþykkt um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa hjá Reykjavíkurborg með það fyrir augum að ráðið færist úr flokki I í flokk II í 13. grein samþykktarinnar. Þess er óskað í því skyni að spara rekstrarkostnað Reykjavíkurborgar vegna stjórnkerfis- og lýðræðisráðs.

Greinargerð fylgir tillögunni. (R15090113)

Tillagan er samþykkt með sex atkvæðum fulltrúa Samfylkingar, Bjartrar framtíðar, Pírata og Sjálfstæðisflokks. Fulltrúi Framsóknar og flugvallarvina situr hjá við afgreiðslu málsins.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði fagna viðleitni meirihlutans í að stigin séu skynsamleg skref í þá átt að minnka umfang og rekstrarkostnað ráðsins miðað við verkefni og vinnuálag ráðsins. Hins vegar er ekkert sem réttlætir að skrefið sé ekki stigið lengra og ráðið í heild sem fastur og stór punktur í stjórnkerfi borgarinnar sé ekki einfaldlega lagt niður eins og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lögðu til en var fellt af meirihluta ráðsins. Það er engin þörf á að haldið verði úti sérstöku ráði til að hafa eftirlit með ágætum markmiðum ráðsins umfram aðra til þess berra aðila innan borgarkerfisins sem geta haldið þeim markmiðum á lofti í þeim verkefnum sem ráðið hefur nú á sinni könnu en gæti auðveldlega verið sinnt af alúð annars staðar í borgarkerfinu eins og á við.

4. Lagt fram svar skrifstofustjóra borgarstjóra og borgarritara dags. 19. október 2015 við fyrirspurn fulltrúa Framsóknar og flugvallarvina dags. 21. september sl. um áhættumat vegna tillögu um sniðgöngu á ísraelskum vörum.
5. Fram fer kynning á framkvæmd almennra kosninga í Reykjavík. Helga Björk Laxdal tekur sæti á fundinum undir þessum lið.
6. Fulltrúar Sjálfstæðisflokks leggja fram eftirfarandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins í stjórnkerfis- og lýðræðisráði furða sig á að skrifstofa borgarstjóra hafi ekki svarað fyrirspurn um tölvupóstsamskipti borgarstjóra sem fulltrúarnir lögðu fram á fundi fyrir hálfum mánuði síðan og spyrja hvað valdi töf á svörum og óska eftir þeim sem fyrst.

Fundi slitið kl. 15:05

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir
Eva Baldursdóttir
Jón Ingi Gíslason

Hilmar Sigurðsson
Hildur Sverrisdóttir
Marta Guðjónsdóttir